

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Indriðastöðum, Skorradalshreppi.

Nýtt deiliskipulagssvæði og breyting á deiliskipulagi.

1) Deiliskipulag Bleikulágarási.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 14. febrúar 2001, nýtt deiliskipulag af frístundabyggð á Bleikulágarási í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi í Borgarfirði.

2) Breyting á deiliskipulagi Bátaskýlasvæðis.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 14. febrúar 2001, breytingu á deiliskipulagi af bátaskýlasvæði í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi í Borgarfirði.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi.

F.h. Skorradalshrepps, 10. apríl 2001.

Bjarni O.V. Þóroddsson byggingafulltrúi Skorradalshrepps.